



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Frumvarp til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

Markmið.

Sá sem hefur á liðnum áratugum sent á annan tug erinda til stjórnvalda og Alþingis um málefni sem varða mikilvæga hagsmuni einstaklinga, fyrirtækja og þjóðar, hlýtur að taka því fagnandi að sett séu fram markmið um: „*að stuðla að skilvirkri opinberri þjónustu, auka gagnsæi við meðferð mála og hagkvæmni í stjórnslu og tryggja örugga leið til að miðla gögnum til einstaklinga og lögaðila.*“ eins og tiltekið er í 1. gr. þess frumvarps sem hér er fjallað um. En seinasta málslið 1. gr. frumvarpsins verður að telja vanhugsaðan, ef litið er til frekar nýlegra laga frá Alþingi um Rafræn skjalaskipti. Í síðasta málslið 1. gr. þessa frumvarps segir að: „*Jafnframt er það markmið laganna að meginboðleið stjórnvalda við einstaklinga og lögaðila verði stafræn og miðlæg á einum stað.*“

Um áramótin 2019/2020, hættu opinberar stofnanir skyndilega að senda mér, og öðrum eldri borgurum, reikninga vegna viðskipta við algengar þjónustustofnanir, eins og hita- og rafmagnsveitur, Tryggingastofnun, Ríkisskattstjóra, lífeyrissjóði, banka og fleiri stofnanir og fyrirtæki mætti nefna. Í stað venjulegra póstsendra viðskiptaskjala, fékk ég tölvupóst um að: „Ég ætti nýtt skjal á **Ísland.is**.“ Ég hef engin samskipti átt við Ísland.is og hafði því aldrei opnað þar neina móttökuheimild fyrir bréf eða önnur erindi til mín. Ég skoðaði einu sinni þann Vef og sem þökkalega vel lærður í forritun og kerfishönnun, fannst mér notendaviðmót þessa vefs svo óaðgengilegan fyrir almenning með litla þekkingu á tölvuumhverfi, að ég sneri frá frekari afskiptum.

Það átti sér einnig aðra skýringu, sem er sú að ég er með Parkinson, sem hægt og bitandi dregur úr hæfileikum mínum til fjölbreytileika í samskiptum. Því hafði ég áður tekið þá ákvörðun að einfalda lífsafkomumunstrið sem frekast væri mögulegt. Því sem fyrrverandi formaður Parkinsonsamtakanna, var mér kunnugt um hve **fljótlegt og þægilegt** er að fá opinbera aðstoð við að ljúka sjálfstæðum heimilisrekstri, þegar heilsan bilar varanlega. Ég einfaldaði því alla rekstrarliði heimilishalds, þannig að konan mín mundi ekki lenda í vandræðum þó ég yrði óvirkur við að sinna reglubundnum rekstrarliðum.

Það var mér afar mikið undrunarefni þegar í ljós kom að **eitthvert apparat**, sem nefndist Ísland.is, hafði **veitt sjálfu sér heimild til að opna á vefnum hjá sér pósthólf í mínu nafni**, án alls samráðs við mig **sem einráðan um það hvernig nafn mitt væri notað**. Við eftirgrennslan hjá forsætisráðuneyti og Þjóðskrá, eða aðrir sem ég leitaði til, gátu engin skýr svör gefið mér eða upplýsingar um hver væri í forsvari fyrir Ísland.is, ritaði ég bréf til Nýsköpunarráðherra, þann 2. febrúar 2020, með beiðni um að pósthólfi á mínu nafni á Ísland.is yrði lokað.

Þrátt fyrir ítrekanir, hef ég engin svör fengið frá því ágæta ráðuneyti. Svo virðist því sem fyrri hluti markmiða umrædds frumvarps kunní að eiga rétt á sér; alla vega eiga vel við þar. En í bréfinu til ráðherra nefndi ég tiltekin atriði varðandi einhliða ákvörðun opinberra stofnana um brjóta lög við skilaskyldu viðskiptaskjala og reglugerð um afhendingu rafrænna skjala, sem voru þessi:

„Þegar lesið er yfir lög nr. 145/1994 og Reglugerð nr. 505/2013, verður hvergi á vegi manns heimild fyrirtækja eða stofnana til **einhliða ákvörðunar um rafrænt bókhald gagnvart viðskiptum við einstaklinga eða heimili þeirra**. Vel má vera að ástæða þess felist í því að einstaklingar og heimili þeirra eru ekki bókhaldsskyld en slíkt ættu stjórnendur þessara aðila að vita.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á 20. gr. Reglugerðar nr. 505/2013, þar sem segir:

20. gr. Afhending rafrænna skjala.

Notkun rafrænna skjala og skeyta **er háð samþykki viðtakanda, í formi samkomulags milli viðskiptaaðila eða einhliða lýsingu viðtakanda**. Skeyti teljast afhent viðtakanda ef þau berast honum á því formi og með þeim gagnaflutningsmáta, **sem hann hefur samið um eða einhliða lýst.**

Skeyti sem sent er á formi eða með gagnaflutningum, sem viðtakandi hefur ekki samþykkt, telst ekki afhent.“

Þessu var greinilega eitthvað óþægilegt að svara, að því er virðist.

En víkjum þá að tilgreindu frumvarpi.

Frumvarpið 2. gr. Pósthólf

Fyrsti og annar málsliður 2. gr. frumvarpsins er vel skýr og skiljanlegur. EN þegar kemur að þriðja málslið 2. gr. vakna spursmál sem Alþingi þarf að svara. Í frumvarpstexta segir að:

„**Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að fela öðrum ríkisaðila að annast rekstur þess og umsjón.**“

Þarna er stigið nokkuð stórt skref án þess að viðhlítandi skýringar komi fram varðandi ábyrgð. Í væntanlegum lögum verður 2. málsliður 2. gr. sá að: „**Ráðherra ber ábyrgð á að starfrækt sé stafrænt pósthólf.**“ Það væri svo sem ekkert við það að athuga þó stjórnvöld kæmu á fót hjá stjórnarráði miðlægu stafrænu pósthólfi fyrir ríkisstofnanir ef það væri talið til bóta. Og í því sambandi eðlilegt ákvæði væntanlegra laga, að **Ráðherrann beri fulla ábyrgð á starfrækslu þess kerfis sem hýsir pósthólfin.**

Með því að segja í næsta málslið, 3. málslið 2. gr. frumvarpsins, að: „**Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að fela öðrum ríkisaðila að annast rekstur þess og umsjón.**“ Þarna mundi ég telja að það þyrfti að setja skýrari mörk. Ríkisaðili tel ég vera of opna heimild fyrir miðlægt stafrænt pósthólf stjórnarráðs. Ég mundi telja að sá aðili sem annaðist rekstur slíks miðlægs kerfis, þyrfti að vera innan stjórnarráðsins, með ábyrgð sem slíkur.

Í lokamálslið 2. gr. frumvarpsins ber að líta ákvæði sem er svo langt utan þess sem kalla mætti eðlilegan skilning á stjórnskipan landsins. Það þarf mikið þekkingarleysi á stjórnskipan, stjórnarskrá og mannréttindum til að skrá eftirfarandi í texta í lagafrumvarp. Hvað á að hugsa um lögfræðimenntaðan mann, sem leggur svona lagatexta fyrir Alþingi?. Lokamálsliður 2. gr.:

„**Allir einstaklingar sem fá útgefna kennitölu samkvæmt lögum um skráningu einstaklinga og allir lögaðilar sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá á hverjum tíma samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá, hafa aðgang að sínu eigin stafræna pósthólfi.**“

Sá aðili sem skráir þvílíka fjarstæðu í opinbert skjal til opinberrar birtingar, hvað þá til lagasetningar á Alþingi lýðveldis sem staðfesti eigin stjórnarskrá en fullgilti einnig Mannréttindasáttmála Evrópu og Sameinuðu þjóðanna, **hefur greinilega látið hjá líða að kynna sér öll þau persónubundnu réttindi sem fylgja lögskráningu nafns og kennitölu**, hvort sem um er að ræða einstakling eða lögaðila. **ALDREI getur Alþingi öðlast lögvarinn rétt, til að heimila Ráðherra í ríkisstjórn að skrá opið pósthólf á nafn og kennitölu nokkurs aðila, án skriflegrar heimildar viðkomandi aðila eða forráðanda.** Það er nákvæmlega sama hvaða bellibrögðum væri reynt að beita. Hver tilraun til slíks væri **yfirgengileg aðför að helgustu persónuréttindum viðkomandi**, að slíkt ætti sér **ENGA MÁLSVÖRN**.

Í bókinni „Lög og lögfræði“ eftir lögspekinginn Sigurð Línal, má lesa margt um hvað geti talist markviss lagatexti og hvað ekki. Þar er vitnað í virta „réttarheimspekinga“ í þremur heimsálfum, sem leggi áherslu á sambærilegar meginreglur um það sem mikilvægt sé að sá texti tjái, sem eigi að verða að lögum. Slíkur texti þurfi að vera heilsteyptur og **einnar skoðunar, um markmið og leiðir** við gerð væntanlegs lagatexta. Að **vandvirkni og skýrra ábyrgða sé gætt við textaritun væntanlegra laga**. Það vantar mikið á að slík vandvirkni hafi verið viðhöfð við textagerð 2. gr. umrædds frumvarps. Svo virðist einnig um aðrar greinar þessa umrædda frumvarps.

Frumvarpið 3. gr. Aðgangur að pósthólfi.

Með fullri virðingu fyrir þeim sem sömdu þetta umrædda frumvarp, virðist mér augljóst að þeim hefði verið afar upplýsandi að lesa 71. og 72. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944., áður en þeir opinberuðu svo rækilega vanþekkingu sína á mannréttindum eins og fram koma í 3. gr. frumvarpsins. Lýtum á sýnishorn:

*„Einstaklingur og fulltrúi lögaðila **hefur aðgang að eigin pósthólfi** í miðlægrri þjómstugátt“, „Aðili, sem falið er á grundvelli laga að gæta hagsmuna einstaklings eða lögaðila, skal hafa aðgang að pósthólfi viðkomandi“*

Ef þeir sem sömdu og skráðu texta 3. gr. frumvarpsins hefðu haft lágmarks þekkingu á mannréttindum, eins og þau birtast í stjórnarskrá Íslands, hefðu þeir vonandi séð að hver einstaklingur **hefur EINN full yfirráð yfir hvernig nafn hans og kennitala eru notuð**. OG ENGINN, ekki einu sinni Alþingi, getur fengið heimild til notkunar á nafni einstaklings og kennitölu, **ÁN BEINNAR HEIMILDAR**, undirritaðrar af viðkomandi einstaklingi og vottaðar af tveimur ótengdum aðilum. Og þeim til upplýsingar sem samþykktu að taka þetta frumvarp til löggjafarvinnslu, eru hér birt skýr ákvæði stjórnarskrár Íslands um **EINKARÉTT** hvers einstaklings á því hvernig nafn hans og kennitala eru notuð. Í stjórnarskránni segir svo:

„71. gr. [Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.“

Hér var beitt áhersluletri og litbreytingu til að leggja áherslu á þau atriði sem aðallega er vísað til.

Ég hélt, áður en ég lenti í því að nafn mitt var tekið ófrjálsri hendi af aðila sem starfaði líklega

undir verndarvæg efnahags- og fjármálaráðherra, að allir í opinberri þjónustu væru orðnir það vanir **einkarétti hvers aðila á rafrænu umhverfi sínu**. Hjá þeirri Netveitu sem viðkomandi hefur þjónustusamning við eða t. d. á Internetinu, velur hver einstaklingur **sjálfur sína dulkóðun** til aðgangs að vefsvæði sínu. Þá dulkóðun þekkir ekki einu sinni seljandi þjónustunnar og getur því ekki komist inná einkasvæði viðkomandi **nema með heimild þess einstaklings sem einn hefur rétt til aðgangs**. Með sama hætti er einnig **um aðgang að tölvupóstföng eða símapósthólf**. Þar hefur eigandi/notandinn einn, þær upplýsingar sem veita aðgang að gögnum í viðkomandi pósthólfi.

Skrái einhver aðili nafn og kennitölu einstaklings eða lögaðila einhvers staðar, **til opinberrar móttöku á skjölum sem einungis eiga að berast viðkomandi aðila**, er þar svo augljóslega um GRÓFA NAFNFÖLSUN að ræða. Nafn og kennitala viðkomandi er FRÍÐHELG EINKAEIGN þess aðila sem skráður er fyrir því í þjóðskrá og ENGUM öðrum getur orðið heimilt að nota það nafn eða kennitölu, sjálfum sér eða öðrum til framdráttar eða hagsmuna.

Frumvarpið 4. gr. *Birting gagna*

Það er í raun bæði undarlegt og hrollvekjandi að sjá hvað textahöfundar umrædds frumvarps eru langt frá lágmarksþekkingu á lögmætu ferli í stafrænum samskiptum. Þeir þyrftu ekki annað en hafa einföldustu þekkingu á sendingu tölvupósts, til að vita að þegar þeir hafa sent frá sér tölvupóst til annars aðila, ráða þeir engu um það hvernig skráður eigandi þess pósthóls sem þeir senda til, tekur á móti, ráðstafar eða varðveitir það sem þeir sendu til hans. Þeir geta engar ákvarðanir tekið um slíkt.

Í texta 4. gr. virðist umsjónaraðili hins samræmda pósthólfakerfis stjórnkerfisins nokkuð greinilega vera titlaður „**Birtingaraðili**“. Verður það að teljast nokkuð sérstakt nafn á umsjónaaðila lokaðs tölvukerfis, sem einungis sendir erindi milli tiltekinna aðila og slíkar sendingar eru einkamál þeirra og alls ekki birtar öðrum, án heimildar eiganda viðkomandi pósthólfs.

Hér að framan var vakin athygli á því að **rekstraraðili pósthólfa**, eins og t. d. Síminn, hafi **ekki lögskipaða vöktun** á því hvenær móttökuaðili tölvupósts opnar sendinguna til að skoða hana. Þarna í 4. gr. er greinilega gert ráð fyrir því „lögskipað“ að rekstraraðili hins miðlæga pósthólfs, **vakti það hvenær póstsending sé móttækin og opnuð og tilkynni sendanda** er einhver tiltekin töf verði á móttöku póstsendingar. Þetta ákvæði er greinilega brot á 71. gr. stjórnarskrár, þar sem segir að: „**leit í póstsendingum**“ sé **óheimil**, og þá gildir hið sama um **eftirlit með pósthólfi** eftir að sending var afhent þar til vistunar.

Frumvarp. 5. gr. *Gjaldtaka*

Enn er hér staðfesting þess að textahöfundar frumvarpsins eru langt frá því að hafa ásættanlega þekkingu á þeim mannréttindum og lögbundnum samskiptaformum, varðandi þau samskipti sem ætlunin er að setja lagaramma um. Lítum á 1. málslíð 5. gr. frumvarpsins en þar segir eftirfarandi:

„Óski einstaklingur eða lögaðili eftir því við birtingaraðila að fá gögn á annan hátt en í stafrænu pósthólfi er birtingaraðila heimilt að innheimta gjald vegna slíkrar þjónustu til að standa undir þeim viðbótarkostnaði sem hlýst af umbreytingu og afhendingu gagnanna.“

Þarna hafa textasmiðir frumvarpsins verið svo ókunnir gildandi lögum um notkun rafrænna skjala í viðskiptum og ekki haft fyrir því að kynna sér t. d. túlkun Ríkisskattstjóra á lögum nr.145/1994, um bókhald, eða á Reglugerð 505/2013, en þar er afar skýrt tekið fram í 20. gr. á hvern **EINAN máta** er

hægt að hafa rafræn skjalaviðskipti við einstakling sem ekki er bókhaldskyldur. Í 20. gr. reglugerðarinnar segir svo, eins og að framan er getið: (*Áhersluletur og litatexti eru áherslur undirritaðs.*)

20. gr. Afhending rafrænna skjala.

Notkun rafrænna skjala og skeyta er háð samþykki viðtakanda, í formi samkomulags milli viðskiptaaðila eða einhliða lýsingu viðtakanda. Skeyti teljast afhent viðtakanda ef þau berast honum á því formi og með þeim gagnaflutningsmáta, sem hann hefur samið um eða einhliða lýst.

Skeyti sem sent er á formi eða með gagnaflutningum, sem viðtakandi hefur ekki samþykkt, telst ekki afhent.“

Þarna er mjög skýrt sett fram undanbragðalaus skylda stjórnvalda til að virða rétt almennings um að óheimilt sé að gera þá kröfu til einstaklinga að þeir taki á móti rafrænum skjölum, nema fyrir liggi skriflegt *samþykki viðtakanda....* á formi eða með gagnaflutningum, *slíkur flutningur fari fram.* Sé rafrænt skjal sent á einhverju formi, *sem viðtakandi hefur ekki samþykkt, telst það ekki afhent.*

Varla ætti að þurfa að fara mörgum orðum um algjört réttleysi Alþingis til að svipta alla einstaklinga lögskipuðum rétti til þeirra mannréttinda sem hafi jafngildi við 71. gr. stjórnarskrár gagnvart öllum einstaklingum með skráð aðsetur á Íslandi.

Sama vanþekkingin ræður einnig ríkjum í seinni málslíð 5. gr. frumvarpsins en þar segir svo:

„Gjald skal miðast við kostnað við að veita þjónustuna og skal það standa straum af launakostnaði, sérstökum efniskostnaði sem þjónustunni tengist og öðrum umsýslukostnaði.“

Í fyrsta lagi er í þessu frumvarpi ekki um það að ræða að stjórnvöld séu að bjóða fram þjónustu. Frumvarpið er sett fram vegna hugmyndar einhverra aðila um samræmd vinnubrögð stjórnvalda við að hafa sem einföldust samskipti við almenning í landi sem er lýðveldi, með þjóðkjörnu Alþingi og þingbundinni stjórn, sem sækir stjórnunarvald sitt í Ríkisráð. Þar sem þjóðkjörinn handhafi Æðsta valds þjóðarinnar, forseti lýðveldisins, situr í forsæti og veitir lögum og öllum stjórnarathöfnum gildi, með áritun sinni.

Frumvarpið biður um heimild til handa Ráðherra, að koma á skipulegum skjalasendingum og móttöku erinda frá einstaklingum og fyrirtækjum. Eins og lesa má um í bókhaldslögum og einnig kemur greinilega fram í 20. gr. Reglugerðar 505/2013, hér að framan, þá eru lagaskilyrði afar ólík hvað varðar rafræn skjalaskipti við bókhaldsskyld fyrirtæki eða stofnanir, eða á hinn veginn gagnvart óbókhaldsskyldum einstaklingum. Samkvæmt skýru ákvæði í 20. gr. Reglugerðar nr. 505/2013, er óheimilt að reisa kröfur um móttöku rafrænna skjala, eða önnur rafræn samskipti gegn einstaklingum, sem eru á annan veg en þann er viðkomandi einstaklingur setur fram að fyrra bragði og ræður hann að öllu leyti í hvernig formi móttöku er háttáð.

Um barnalega upptalningu kostnaðarliða í tilvitnuðum málslíð ætla ég ekki að hafa fleiri orð, enda ætti slíkt að vera óþarft, ef miðað er við að þingmenn þekki eigin lagasetningar og stjórnarskrá.

Frumvarp 6. gr. Birtingaraðilar

Sami ókunnugleikinn kemur fram hér í 6. gr. frumvarpsins um réttindi og skyldur aðila á Internetinu um sendingu og móttöku rafrænna orðsendinga. Einfalda lýsingin er sú að sendandi orðsendingar, eða

skjals, getur EKKI ÁTT aðgangsrétt að sendingu sinni, **eftir að hafa sent hana frá tölvu sinni með því að styðja á Enter, eða þrýsta á hnapp til sendingar.** Þegar skjalið er farið úr vinnuumhverfi tölvu hans, merkt öðrum mótakanda, getur sendandi **engan rétt fengið til að endurheimta eða breyta hinu sendna skjali.** Lítum svo á fyrri málslið 6. gr. frumvarpsins en þar segir svo:

„Opinberum aðilum, þ.e. ríki, sveitarfélögum, stofnunum þeirra og öðrum opinberum aðilum, er skylt að birta gögn í stafrænu pósthólfi.“

Undir þessum formerkjum getur Alþingi ALLS EKKI veitt ofantöldum aðilum **heimild til að BIRTA opinberlega**, annað en almenn skjöl eða erindi til almennings. Hvert það erindi **sem eingöngu er ætlað tilgreindu nafni og kennitölu**, getur Alþingi **með engu móti heimilað birtingu á annars staðar** en á lögheimili viðkomandi aðila. Eða á þeim vistunarstað **sem viðkomandi aðili hefur tilkynnt**, til viðkomandi sendanda, að hann skoði erindi sent á hinn tilgreinda stað, sem honum er löglega sent.

Í seinni málslið 6. gr. segir svo:

*„Ráðherra **skal með reglugerð ákveða hvaða öðrum aðilum** er heimilt að birta gögn í stafrænu pósthólfi og hvaða **skilyrði þeir þurfa að uppfylla.**“*

Enn er ótrúlegur óvitaskapur á ferð hjá textahöfundum frumvarpsins. Segjum nú svo að Alþingi heimili stofnun miðlægs forrits fyrir pósthólf, sem rúmað gæti c. a. 1.000.000 pósthólfa, og viðskiptaráðherra væri falinn rekstur þess kerfis. Alþingi gæti þá ekki heimilað ráðherra eða hans starfslíði við umrætt pósthólfakerfi, að stofna pósthólf sem skráð verði á nafn eða kennitölu, nema með skriflegri beiðni um slíka stofnun pósthólfs liggi fyrir frá viðkomandi eiganda þess nafns og kennitölu. Alþingi gæti heimilað ráðherra að veita öðrum en stjórnvöldum heimild til aðgangs **ad kerfinu sem slíku**, en aðgang að **einstökum pósthólfum** getur enginn veitt **nema eigandi þess nafns og kennitölu sem pósthólfið væri skráð á.**

Frumvarp 7. gr. Réttaráhrif

Mikilvægur þáttur í allri lagasetningu er það sem réttarheimspekingar kalla „sanngirnissjónarmið“. Er þar átt við að það sjáist í texta laga, að borin sé virðing fyrir þeim sem kunni að þurfa að fara eftir lögnum og meðalhófs sé gætt í íþyngjandi atriðum. Ekki verður sagt að úr frumvarpstexta 7. gr. skíni mikil virðing eða sanngirni. 7. greinin heitir „Réttaráhrif“, sem á lagamáli mun hafa t. d. hafa ákveðna þýðingu varðandi andsvarsfrest, dráttarvexti og heimild til aðgerða. Af þeirri ástæðu er mikilvægt að þau ákvæði sem sett eru í slíkan þátt laga, sem hér um ræðir, hafi óumdeilanlega trausta réttarheimild að baki þeim hugsanlega íþyngjandi atriðum sem lagagreinin boðar. Lítum aðeins á hvað frumvarpstextinn 7. gr. segir um réttaráhrif.:

*„Þegar gögn **eru aðgengileg í pósthólfi teljast þau birt viðtakanda.**“*

Þarna ber mjög á sama anda sem dæmi hafa verið um varðandi birtingu aðfarar eða stefnu. Dæmi hafa heyrst um að einhverju barni eða fullorðnum sem búi í sama fjölbýlishúsi, hafi verið fengin í hendur bréf til, einhvers íbúa hússins án þess að spurt væri hvort viðkomandi einstaklingur ætti heimilisfesti í sömu íbúð og sá sem átti að fá bréfið.

Lög eiga að vera skýrt og skiljanlega orðuð, eins og kveðið er á um í kennsluháttum í lögfræði og margoft getið í kennsluháttum lögfræði og ýmsum ritum, þ. á. m. í tilvitnuðu riti Sigurðar Líndal.

Einnig var þung áhersla lögð á í leiðbeiningarriti um ábyrg og vönduð vinnubrögð við samningu lagafrumvarpa fyrir stjórnarráðið, sem forsætisráðuneytið tók saman á valdatíma Geirs H. Haarde. Ekki verður augljóslega bent á slíka vandvirkni við gerð umrædds frumvarps, þó það sé lagt fram af formanni stærsta stjórnámálflokks landsins, sem jafnframt er fjármálaráðherra. En lítum á tilvitnaðan texta frumvarpsins.

Pegar gögn eru aðgengileg í pósthólfi? Spyrja má **hverjum þessi gögn eiga að vera aðgengileg?** EF pósthólfið er löglega stofnað, af hinum **EINA réttthafa nafns og kennitölu**, eiga **engir aðrir en réttthafinn sjálfur** að hafa aðgang að þeim gögnum sem send hafa verið í pósthólfið. Af þeirri ástæðu er ekki fullnægjandi skýrt tekið til orða að segja að, *Pegar gögn eru aðgengileg í pósthólfi, teljast þau birt viðtakanda.* Nú er það svo að flest forrit fyrir tölvupóstsendingar hafa það sem kallað er, baksviðs vöktun þar sem sendandi getur látið hinn senda tölvupóst, senda staðfestingu til sendandans, þegar móttakandi opnar sendinguna. um móttöku, Slík vakandi gagnsvörðun inni í tölvu móttakanda tölvupósts er umdeilanleg þar sem til slíks er notuð ein af svokölluðum „ferjum“ fyrir smærri vírusa, sem laumað er inn í tölur hjá saklausu fólki. Ég lít svo á að með slíku eftirá eftirliti með sendum tölvupósti, hljóti að teljast óheimilt að nota hér, vegna ákvæða 71. gr. stjórnarskrár. Af þeirri ástæðu er mikilvægt að skýrt komi fram í lögnum hverjum gögnin eigi að vera **aðgengileg** og hver það sé sem eigi að hafa heimild til að fara inn á friðað svæði einstaklings, sem varið er af 71. gr. stjórnarskrár.

Í síðari málslið 7. gr. segir að: - „*Þar sem í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum er kveðið á um að gögn skuli birt á ákveðinn hátt, svo sem með auglýsingu, símskeyti, ábyrgðarbréfi, stefnuvotti eða öðrum sammanlegum hætti, skal birting í stafrænu pósthólfi metin fullgild.*“

Í þeim málslið sem vísað er til er um samskonar óskýrleika að ræða og í fyrri málslið. Þarna var talað um, óskýrar en í illa orðuðu skeyti, að, **birting í stafrænu pósthólfi** skuli **metin fullgild**. Þarna er ekki bara eitthvað eitt í uppnámi, heldur ALLT. Ekki er um „birtingu“ að ræða, því einstaklingur hefur ekki skyldubundna skoðun á tölvupósti sínum. Því ræður hendingin ein, hvenær það kemur fyrir augu viðkomandi, sem honum er sent í tölvupósti. Sú ábyrgð hvílir einhliða á sendanda tilkynninga um lög- eða reglusettan frest kröfubola, að kröfuboli hafi með fullri sanngirni hlotið þann frest sem honum bar.

Hafi lögmætur réttthafi nafns og kennitölu einstaklings, **sjálfur stofnað sér tölvupósthólf**, getur ekkert sem í pósthólfið kemur orðið til **birtingar**, án **skriflegs leyfis þess eina sem löglegan rétt hefur til notkunar á nafni og kennitölu**.

Í öðru lagi eru glögg ákvæði í áðurgreindum lögum nr. 145/1994 og Reglugerð 505/2013, einkanlega 20. gr. reglugerðarinnar. Þar segir skýrt til um hvernig samskipti við einstakling skuli vera með lögmætum hætti. Þar segir að: „**Notkun rafrænna skjala og skeyta er háð samþykki viðtakanda,**“ Slíkt samþykki gæti komið til: „**I formi samkomulags milli viðskiptaaðila eða einhliða lýsingu viðtakanda.**“ Eins og segir í 20 gr. Reglugerðar nr. 505/2013.

Í sömu Reglugerð kemur einnig fram, hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi svo **senda megi rafræn skjöl til einstaklinga**. Þar segir svo: „**Skeyti teljast afhent viðtakanda ef þau berast homum á því formi og með þeim gagnaflutningsmáta, sem hann hefur samið um eða einhliða lýst.**“

Í síðasta málslið 20. gr Reglugerðar nr. 505/2013 segir svo: „**Skeyti sem sent er á formi eða með gagnaflutningum, sem viðtakandi hefur ekki samþykkt, telst ekki afhent.**“

Eins og hér kemur fram, hefur Alþingi þegar afgreitt lagareglur, ásamt Reglugerð 505/2013, þar sem réttindi einstaklinga eru á allt annan veg en þann sem boðaður er í umræddu frumvarpi. Umrædd réttindi eru, auk laga og reglugerða, varin af 71. gr. stjórnarskrár. Alþingi er því afar þröngur stakkur sniðinn til framhalds með allt það rugl sem í frumvarpi þessu felst.

Frumvarp 8. gr. Meðferð persónuupplýsinga

Það er nú í sannleika sagt afar erfitt að verjast brosi þegar textahöfundar frumvarpsins tala um: „***vinnsla persónuupplýsinga sem fylgir starfrækslu pósthólfins.***“ Hér er komið að enda þeirra heimilda sem textahöfundar frumvarpsins fara fram á að fá sett í lög. Þeir vilja að þeim sjálfum ***verði heimilt að stofna á alla einstaklinga sem fá útgefna kennitölu, stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda,*** eins og segir í 2. gr. frumvarpsins. **Og textahöfundar frumvarps eru svo rausnarlegir að þeir mæla með að allir skuli hafa aðgang að sínu eigin stafræna pósthólfi.**

Það er í raun töluvert sérstakt, eftir að hafa lesið yfir allan framangreindan óvitaskap, þá skuli hér í síðustu efnisgrein frumvarpsins, ekki vikið einu orði að **heimildum til að opna pósthólf undir nafni og kennitölu allra einstaklinga**, sem fengið hafa nafn og kennitölu. Þetta væri eitt þeirra atriða sem gæti flokkast undir að allir væru jafnir fyrir lögnum. Þarna er lagt til að allir verði sviptir sjálfræði og ráðherra fengið það í hendur, þar til hann felur það hlutverk einhverjum ríkisaðila. Þetta eigi ráðherra eða einhver starfsmaður hans að geta gert, án staðfestrar heimildar þess aðila sem EINN á viðkomandi nafn og kennitölu. Textahöfundar frumvarps og væntanlega einnig fjármálaráðherra sem flytur málið, virðast telja þau viðhorf sem í frumvarpinu birtast, samrýmast lögum og reglum um mannréttindi, þar með taldar persónuverndarreglur, sem þeir telja frumvarpið uppfylla. Hvergi örlar á þeim skilningi að hver einstaklingur, **hafi einn þá heimild** að stofna stafrænt pósthólf á sínu nafni og kennitölu, **og hafi sjálfur eða sá sem hann velur sjálfur**, með höndum **alla stjórnun á notkun þess pósthólfs**. Engin gögn verði þangað sótt, án hans heimildar. Síðasti málsliður 8. gr. er dæmigerður fyrir skilningsleysi textahöfunda frumvarpsins **á rétti eiganda nafns og kennitölu**, því þeir enda 8. greinina á eftirfarandi málslið:

„Kröfum um aðgang að upplýsingum á grundvelli annarra laga eða samkvæmt dómi skal beint til viðkomandi birtingaraðila.“

Líklega verður seint toppuð sú vitleysa sem þarna kemur fram. Ljóst er að í framansögðum málslið er verið að tala um **opinbert stafrænt kerfi pósthólfa einstaklinga og lögaðila**, sem efnahagsráðherra vill fá heimild til að stofna. Þarna segir mjög skýrt að hver sá sem telur sig eiga rétt á **aðgang að upplýsingum á grundvelli annarra laga eða samkvæmt dómi, beini slíkum Kröfum til viðkomandi birtingaraðila.**

Það vekur athygli að í texta lagafrumvarps um heimild til að stofna tölvupóstkerfi, með **væntanlegum pósthólfum allra landsmanna** og allra fyrirtækja og stofnana í landinu, skuli vera tiltekinn aðili sem nefnist **birtingaraðili**. OG að í lagatexta skuli gert ráð fyrir því að sá aðili veiti **aðgang að upplýsingum**, sem vart verður á annan veg skilið en þann að viðkomandi hafi **aðgang að upplýsingum** í tölvupósthólfum einstaklinga, **án milligöngu**, eða jafnvel í óþökk hins löglega eiganda pósthólfsins.

Virðulega þingnefnd!

Hér læt ég lokið, að sinni, umfjöllun um óvitaskap sem langt til jafnast á við VII. kafla Bandorms um efnahagsmál nr. 13/1979, sem einn virtasti lögspekingur landsins tók upp á arma sína og gerði að sínu þingmáli, þjóðinni allri til óumræðilegs skaða. Ég get ekki annað en vonað að Alþingi það sem nú situr, hafi yfir að ráða meiri skynsemi og skilning á mikilvægi þess að allar reglur sem Alþingi bindi í lög, hafi skýra merkingu og augljósa samstöðu við stjórnarskrá og önnur lýðréttindi.

Í þessum skrifum mínum er efnið sett fram af ákveðni, en ekki ókurteisi. Settir fram þeir vankantar sem í fljótu bragði eru augljósir. Þeir þættir sem fram koma en ekki eru beint úr umræddu frumvarpi, eru úr uppkasti að Stefnu á hendur efnahagsráðherra, sem ábyrgðaraðila vegna Vefsvæðisins Ísland.is, sem án heimilda frá mér hefur birt á vefsvæðinu Ísland.is **pósthólf undir mínu nafni og kennitölu**. Í heilt ár hef ég gert **ítrekaða kröfu um að pósthólfi með mínu nafni og kennitölu verði lokað, á vefsvæðinu Ísland.is**. Og þeim sem þangað hafi sent gögn verði bent á að ég hafi ENGIN samskipti við umrætt vefsvæði og ALDREI stofnað þar pósthólf **og hafi ekki í hyggju að gera það**.

Eins og í skrifum þessum kemur aðeins fram, sendi ég einnig erindi til Nýsköpunarráðherra, sem þá var talinn hafa á sinni könnu einhliða ákvörðun stjórnvalda um rjúfa hin lögsmætu póstsamskipti við þá einstaklinga sem eru í ósjálfstæðu viðskiptasambandi við ríkiskerfið. Þeir áttu ekki annars úrkostar en láta slíkt yfir sig ganga, þar sem lífeyrir þeirra og heilsufar var allt á vegum hins opinbera. Það þarf svo sem ekki að vekja athygli nefndarmanna á því að Nýsköpunarráðherra er varaformaður Sjálfstæðisflokksins, en Efnahagsráðherra er formaður sama flokks. En þar sem ég hef aldrei á ævinni komið aftan að neinum aðilum í gagnrýni minni á hendur stjórnvöldum, læt ég eftirfarandi koma hér fram.

Það veltur algjörlega á afstöðu Alþingis til þessa arfavitlausa frumvarps, sem hér er til umræðu, ásamt afstöðu Alþingis til þess mikla fjölda stjórnarskrárbrota stjórnvalda og Ísland.is, gagnvart fjölda eldri borgara og öryrkja er stjórnvöld sviptu þetta fólk einhliða og með ólögsmætum hætti, lögskipuðum samskiptaleiðum, þegar eðlilegum póstsamskiptum var **einhliða hætt** með ákvörðun ríkisvalds og með stuðningi Alþingis. Lög og reglugerðir kveða skýrt á um það að ekki sé heimilt að krefja einstaklinga um þátttöku í rafrænum skjalaskiptum, eins og skýrt kemur fram í 20. gr. Reglugerðar nr. 505/2013.

Að sjálfsgöðu óska ég þingmönnum öllum velfarnaðar í starfi, þjóðinni til heilla, en bið þá um leið að léttu álagið á þjóð og þingi með því að vera varfærnari í vandaðri lagasmíðum og láta ekki henda sig, eins og er með núverandi umrætt frumvarp, að það gengur þvert gegn þegar gildandi lögum, auk þess sem afar mikilvæg grein stjórnarskrár og ákvæði beggja mannréttindasáttmála sem við höfum fullgilt, eru vægðarlaust troðin í svaðið.

Með von um að þjóðin geti orðið stolt af Alþingi sínu.

Reykjavík 10. apríl 2021,

Með kveðju,

Guðbjörn Jónsson, kt: 101041-3289,
fyrirverandi fjármálaráðgjafi,
Kríuhólum 4, 111 Reykjavík
Sími 567 2001. GSM 860 84 00